

**Nr. 069 / 12 Sædís SU 78****Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 7661  
Smíðaður: Hafnarfirði 2009 plast  
Stærð: 5 BT  
Mesta lengd: 7,88 m Skráð lengd: 7,8 m  
Breidd: 2,65 m Dýpt: 1,5 m  
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1993  
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**  
Gögn RNS



Sædís ©Alfons Finnsson

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 27. júní 2012 var Sædís SU 78 á handfæraveiðum á Skrúðsgrunni um 27 sml. austur af Fáskrúðsfirði. Veður: Logn.

Eftir að veiðunum lauk var siglt áleiðis til hafnar en fljótlega fór aðvörunarkerfi í vél í gang í stjórnborði og hitamælir sýndi að vatnshiti hafði stigið mikið svo vélin var stöðvuð. Við skoðun á kælikerfinu kom í ljós að trissuhjólíð á kælivatnsdælunni hafði dottið af þar sem lager og annar búnaður var ónýtur. Skipstjórinn óskaði eftir aðstoð og björgunarbáturinn Hafdís dró Sædís SU inn til Fáskrúðsfjarðar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjórinn vissi ekki hvað þetta var mikið keyrt en hann hafði nýlega keypt bátinn, Fram kom að vélin hafði verið tekin upp s.l. vetur en þá var ekkert átt við síur né dælur;
- að ekki urðu aðrar skemmdir á vélinni enda ekki farið að sjóða á henni.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.